

From: Hollvinasamtök Borgarness [mailto:brakarhatid@gmail.com]
Sent: 1. október 2021 10:03
To: Hrafnhildur Tryggvadóttir
Subject: Re: RE: FW: Spurningar frá Hollvinasamtökum Borgarnes

Góðan daginn Hrafnhildur.

Frisbee-golf í Borgarnesi.

- Vellir væru á bilinu 40-100 metra langir(sjá á mynd)
- Vellir væru niður í miðbæ og mynda smá hring.
- Skilti væri við upphafsbraut, hvort sem hún væri við Bjössa Róló eða við íþróttasvæði. Það skilti væri yfirlitsmynd af öllum frisbee völlum á svæðinu. Gestir gætu því tekið mynd af svæðinu og haft á símanum(eins og þau gera á Hvanneyri, með sinn frisbee golfvöll).
- En við hvern upphafsteig væri þá merking um hvaða númer brautinn er og hugsanlega nafn á brautinni. Til að Hollvinasamtök gætu fjármagnað verkefnið, væri farið í fyrirtæki á svæðinu og athugað áhuga með að styrkja til dæmis eina braut. Segjum sem dæmi að braut 1 væri "Borgarverksbraut" og braut 5 væri "Límtré Vírnet braut". Þannig gætum við farið í verkefnið og í leið markaðsett fyrirtækinn í Borgarnesi.
- Undirstöður fyrir körfurnar væru steyptar og færi Hollvinasamtökinn í þá samningaviðræður með Steypustöðinni til dæmis og Borgarbyggð við að setja þær upp.
- Í viðhengi má sjá uppsetningu á Frisbee golf körfum, tilboð sem Hollvinasamtök fengu í hendurnar á síðasta ári og fleiri upplýsingar.
- Við að hafa undirstöðurnar steyptar og færanlegar, væri þá hægt að breyta um staðsetningu/ar ef að upp kemur óánægja um staðsetningar vallar.

Upplýsingaskilti í Borgarnesi.

- Skilti við Digranesgötu.
- Þjónustan sem er við húsnæðið á Digranesgötu er margþætt og þangað sækja margir þjónustu. Þar sem Borgarnes hefur ekki neitt yfirlitskort um hvað er hægt að skoða á svæðinu datt okkur í hug að nota þá frábæru teikningu sem hún Elín Elísabet teiknaði fyrir "Götukort Borgarnes" og nota það sem yfirlitskort. Inn á því korti væri þó aðeins áhugaverðir staðir, eins og til dæmis Hlíðartúnshús, Bjössa Róló, Skallagrímsgarður og fleira. Auk göngustíga á svæðinu(Sjá götukort undir 18.maí og staðsetningu kortsins á Upplýsingaskilti inn á viðhengi).
-
- Skilti við Bjarnarbraut.
- Gangandi gestir/heimamenn er duglegir að nýta göngubrúnna sem er við hreinsistöð á Bjarnarbraut. Þar er einnig bekkur þar sem fólk getur notið eða hvílt lúin bein. En þar væri fallett að hafa yfirlitsmyndina(sjá viðhengi Hafnarfjallsgarður) yfir fjallagarðinn og þau örnefni og nöfn á fjallinu fagra.

Suður-Klettur.

Svæðið þar sem gömlu tankarnir voru, gæti verið útivistarsvæði með upplýsingum í bland.

- Upplýsingar um til dæmis Hvítá og hennar upptök í sveitum Borgarfjarðar(Sjá viðhengi).
- Upplýsingar um jökla sem sjást frá planinu, Eiríksjökull og Langjökull(sjá viðhengi)
- Aðgengi niður í fjöru.
- Lokað svæði fyrir umferð(Sjá í viðhengi lokun inn á Breiðinna á Akranesi, IMG_2194)
- Eins væri skilti eins og á Akranesi og Höfn í Hornarfirði(sjá IMB 2218 og IMG 0490) en þá myndir sem tengjast til dæmis Borgarnes, gömlum þekktum Borgnesingum, Egils sögu, Brákarey og svo framvegis.

kveðja fyrir hönd Hollvínasamtak Borgarnes

Hafþór Ingi Gunnarsson formaður.